



HAFNARFJÖRÐUR

REKSTRARÚTTEKT Á NÁMSFLOKKUM HAFNARFJARÐAR –
MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR

SEPTEMBER 2016

HÖFUNDUR:
ATLI ÞÓRSSON
SÉRFRÆÐINGUR Á FJÁRMÁLASVIÐI HAFNARFJARÐARBÆJAR

Rekstur Námsflokka Hafnarfjarða (NH) – Miðstöð símenntunar (MS).

NH voru stofnaðir 1971. Á vormánuðum 1999 samþykktu skólanefnd og bæjarstjórn Hafnarfjarðar að auka starfssvið NH með því að þeir yrðu miðstöð símenntunar. Stöðugildi hjá NH-MS eru tvö árið 2016 og tveir starfsmenn. Báðir starfsmenn sinna daglegum rekstri. Hafa umsjón með námskeiðum. Móta námskeið og hvatningu. Velja leiðbeinendur/kennara. Samskipti við fagaðila og stofnanir vegna námskeiða og nemenda. Forstöðumaður sér um HA/ráðuneytið og tæknimál. Starfsmaður sér um VMST og Rannís (íslenska fyrir útlendinga). Forstöðumaður sér um prófahald. Þá leysa þeir hvern annan eftir þörfum. Þessu fylgir mikil viðvera (útköll). Aðrir kennarar og leiðbeinendur eru ráðnir í verktöku eða eru ráðnir á vegum HA. Neðangreind tafla sýnir kostnað vegna verktöku í aðkeyptri kennsluþjónustu:

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals úrræði
Dagfor.	761.065	1.759.980	939.600	852.620	1.814.550	86.000	6.213.815
Frístunda	5.147.742	3.903.622	4.931.532	4.649.306	3.135.032	1.064.000	22.831.234
Rannís (ísl vegna útlend)	480.000	1.130.000	1.363.250	1.437.500	789.500	0	5.200.250
VMST (atvinnul.)	3.710.000	2.082.576	1.363.250	1.807.900	789.500	1.048.250	10.801.476
Samtals árs	10.098.807	8.876.178	8.597.632	8.747.326	6.528.582	2.198.250	45.046.775

Neðangreind tafla sýnir fjölda verktaka í aðkeyptri kennsluþjónustu:

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals úrræði
Dagfor.	14	17	15	12	18	1	77
Frístunda	34	27	30	33	20	7	151
Rannís (ísl vegna útlend)	1	1	1	1	2	0	6
VMST (atvinnul.)	20	23	6	13	7	5	74
Samtals árs	69	68	52	59	47	13	308

Af 47 verktökum sem fengu greitt frá MS 2015 voru 16 búsettir í Hafnarfirði eða 34%.

Verkefni:

Háskólanám fjárnám við/HA. Háskólinn á Akureyri og Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði hafa verið í samstarfi um fjárnám á háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2002. Í samstarfssamningi Háskólans á Akureyri HA, Námsflokka Hafnarfjarðar – Miðstöðvar símenntunar NH-MS og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 2002 og sem var endurnýjaður 2009 kemur skýrt fram að markmið samningsins er að tryggja aðgengi íbúa höfuðborgarsvæðisins að fjárnámi á háskólastigi. NH-MS sér m.a. um alla tækniumsjón með fjárfundabúnuðum og sérhæfðum hugbúnaði í kennslustofum og samskipti við vaktbrú HA, aðstoðar nemendur með netsamband á eigin fartölvur vegna próftöku og hóp- og verkefnavinnu, veitir kennurum aðstoð vegna kennslu og upptöku á kennslutímum, miðlar gögnum og upplýsingum til nemenda, hefur umsjón með prófahaldi og allri framkvæmd þess. Einnig samstarf og samskipti við kennara HA v/kennslu og námsráðgjafa v/úrlausna fyrir nemendur með sérþarfir. Kennsla hefur farið fram bæði á dag- og kvöldtíma. Starfstími skólaársins er ágúst – júní.

Samningar vegna þessarar starfsemi eru tveir, annars vegar samstarfssamningur við HA, sem var endurnýjaður 30. mars 2009 og er ótímabundinn en með bæði endurskoðunar- og uppsagnarákvæði og hins vegar samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum og gildir hann frá 1. janúar 2015 til 31. des. 2017 og er einnig með endurskoðunar- og uppsagnarákvæði. Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu og fræðsluráð eru meðvitaðir um alla

samninga vegna HA að sögn forstöðumanns. Ekki er nein ákveðin fjárhæð í samningi við ríkið. Heldur er samnið um hvert ár fyrir sig. Hefur að vísu gengið hingað til. Fjöldi fjarnema á vegum HA 2011-2015 og próftökur:

	Vorönn	Haustönn	Fj. próftökur
2011	147 (22)	199 (34)	1.640
2012	209 (34)	268 (39)	1.930
2013	246 (28)	300 (42)	1.970
2014	300 (40)	401 (57)	2.325
2015	356 (43)	442 (70)	2.590

Tölur innan sviga sýna fjarnemendur með lögheimili í Hafnarfirði skv. nemendaskrá HA. Fjöldi nemenda með lögheimili í Hafnarfirði sem tekur próf er alveg í takt við fjölda skráðra nemendur sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Hver nemandi getur tekið mörg próf á hverri önn allt eftir námsframvindu sinni.

Bókaðar tekjur vegna samningsins við HA:

	HA
2011	19.100.000
2012	8.840.000
2013	8.900.000
2014	12.421.400
2015	18.947.500
	68.208.900

Ástæður fyrir því að tekjur eru eins mishár eins og kemur fram hér að ofan eru: Helmingur fjárhæðar 2011 er uppgjör vegna 2010. Í fjárhæð vegna 2014 þá eru 2 millj vegna 2013. 2015 var veitt aukafjárveiting vegna aukins samtarfs á milli HA og NH-MS. Framlag 2016 á að vera svipað og vegna 2015 og stefnt er á að framlagið verði eins hátt og vegna 2015 í framtíðinni. Stafar það af aukningu á stamstarfinu á milli HA og NH-MS. Umsvifin munu enn aukast líklega þar sem lögreglunámið er komið til HA.

Samstarfið við HA hefur verið afar farsælt og verið góður valkostur til að stunda háskólanám samhliða vinnu og án tillits til búsetu og þannig veitt fjölmörgum einstaklingum tækifæri til náms. Tölur um þróun nemendafjölda á samstarfstímanum sýna þetta glögglega. Þetta samstarf endurspelgar reyndar líka þann vilja sem fram kom í stefnumótunarvinnu fyrir NH-MS árið 2000 og í niðurstöðum starfshóps á vegum sveitarfélagsins árið 2012 um að auka hvers kyns samstarf við stofnanir og fræðsluaðila um verkefni á sviði kennslu- og menntamála. NH-MS hefur þannig átt gott samstarf við fjölda aðila og stofnanir um fræðslu- og samfélagsleg verkefni. Nú liggur t.d. fyrir erindi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að NH-MS gerist samstarfsaðili Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þá má nefna að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt áherslu á samvinnu sveitarfélaga og þá sérstaklega frá 2008 í skóla- og fræðslumálum. Sambandið hefur auk þess gert samning við HA um formlegt samstarf m.a. um inntak, gæði og þróun skólastarfs og kennaranáms en NH-MS er einmitt samstarfsaðili HA um kennaranám. HA greiðir beint til NH-MS 200 þús á hverju ári auk 150-250 þús vegna kostnaðarauka vegna nemenda með sérþarfir.

Réttindanám og símenntun fyrir dagforeldra: Skv. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 er eitt af skilyrðum leyfisveitingar í upphafi að umsækjandi hafi sótt námskeið sbr. 20. gr. reglugerðarinnar. Heimilt er að veita bráðabirgðaleyfi til 6 mánaða en fari dagforeldri ekki á námskeið þegar það býðst má svifta það leyfi. Markmiðið með námskeiðunum er að veita hnitmiðaða og vel uppbyggða fræðslu um m.a. uppeldi og umönnun barna, þarfir þeirra og þroska, barnasjúkdóma, slys í heimahúsum og fyrstu hjálp, eldvarnir og öryggi barna. Samstarf hefur verið milli NH-MS og sveitarfélaga um þessi námskeið en NH-MS var á sínum tíma falið að annast skipulag, þróun og framkvæmd þeirra, tímabil sem telur á þriðja áratug. Engin formlegur samningur er til um þetta samstarf. Kostnaður við að halda þessi námskeið er töluvert hár og því nánast ókleift að ná ákveðinni lágmarkspáttöku og setja þau í gang nema vegna tilkomu samstarfs sveitarfélaganna. Unnið er samkvæmt reglugerð sem félagsmálaráðuneytið (velferðaráðuneytið) gaf út á sínum tíma. Samræmd námskrá er fyrir allt landið sem NH-MS hefur átt aðild að því að móta. Þá hefur NH-MS í samstarfi við kennara og leiðbeinendur átt þátt í að semja námsefni í samræmi við gildandi námskrá og setja það í aðgengilegt form fyrir nemendur.

Hin síðari ár hefur bæði verið um að ræða staðbundna kennslu og kennslu í gegnum fjarfundabúnað til staða á landsbyggðinni. Þá er reglulega boðið upp á símenntunarnámskeið fyrir starfandi dagforeldra og árlega er haldinn fræðslufundur með öllum starfandi dagforeldrum í Hafnarfirði.

Neðangreind tafla sýnir fjölda þeirra sem hafa sótt réttindamán og símenntun fyrir dagforeldra frá 2011-2015 og tekjur vegna þeirra:

	Vorönn	Haustönn	Áætlaðar tekjur
2011	47 (kr. 4.230.000)	49 1) (kr. 392.000)	Kr. 4.622.000
2012	50 (kr. 4.500.000)	29 (kr. 2.610.000)	Kr. 7.110.000
2013	17 2) (kr. 136.000)	32 (kr. 2.880.000)	Kr. 3.016.000
2014	21 (kr.1.890.000)		Kr. 1.890.000
	21 3) (kr. 168.000)		Kr. 186.000
	16 1) (kr. 128.000)		Kr. 128.000
2015	41 (kr. 3.690.000)	19 (kr. 1.710.000)	Kr. 5.400.000
	37 1)(kr. 296.000)		Kr. 296.000
	30 2) (kr. 240.000)		Kr. 240.000
		Samtals kr.	22.888.000

- 1) Símenntun brunavarnir
 - 2) Símenntun slys á börnum
 - 3) Símenntun málþroski og málörvun
- Annað (ómerkt) er nýliðunarnámskeið.

Vormisseri 2016 var haldið eitt upprifjunarnámskeið í skyndihjálp.

Dagvistunarfylltrúar sveitarfélaga annast skráningu á námskeiðin og senda NH-MS. Þessu skráningarferli fylgja töluverð samskipti. NH-MS sér um öll samskipti við fagaðila, skipulag og framkvæmd námskeiðanna og mótun námsefnisins í samvinnu við kennara, leiðbeinendur og ráðuneyti. Þá er öll umsýsla í höndum NH-MS. Sveitarfélögin greiða hluta eða allt námskeiðsgjaldið. Námskeiðsgjaldið er 90.000 kr. fyrir réttindanámskeiðið og 7.000 – 9.000 kr. fyrir stök upprifjunarnámskeið. Árlega hafa 4 – 6 einstaklingar frá Hafnarfirði sótt réttindanámskeiðin og síðan hafa verið haldin stök upprifjunarnámskeið fyrir stærri hópa. En umfangið í heild vegna þessa námskeiða er eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir mun meira. Mismunandi er hvernig sveitarfélög taka þá í að greiða kostnað vegna nýliðunar námskeiðs. Hafnarfjörður greiðir hálf námskeiðsgjald, Kópavogur og Garðabær greiða allt námskeiðsgjaldið. Reykjavík greiðir ákveðna fjárhæð upp í námskeiðsgjaldið. Ekki er hægt að

sjá að sveitarfélög eða ríkið hafa greitt neitt vegna kostnaðar við undirbúning við skipulagningu þessa verkefnis.

Á tímabilinu 2011 – 2015 sóttu rúmlega 80 einstaklingar úr Hafnarfirði námskeið fyrir dagforeldra, þ.a. 27 starfsréttindanámskeið og aðrir eitt eða fleiri símenntunarnámskeið.

Um 40 dagforeldrar með starfsleyfi eru nú starfandi í Hafnarfirði og hafa þeir sótt námskeið hjá NH-MS.

Frístundanám: Lögð hefur verið áhersla á fræðandi, gagnleg og skemmtileg námskeið fyrir alla aldurshópa – tungumál, handverk og listir, hannyrðir, tölvur og rekstur, heilsu, útlit og hreysti o.fl. Hljóðfæra- og tónlistarnám m.a. í samstarfi við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar v/biðlista. Tónlistarnámskeiðin eru látin standa undir sér. Námskeiðin eru haldin í fullu samstarfi við Tónlistarskólann og hann vísar á þau. Þessi starfsemi hefur að mestu farið fram síðdegis og á kvöldin. Fjöldi námskeiða og þátttaka 2011-2015:

2011 40 námskeið á hvorri önn og alls 914 þátttakendur, þar af lögheimili í Hafnarfirði 574.

2012 30 námskeið á hvorri önn og alls 421 þátttakandi, þar af lögheimili í Hafnarfirði 250.

2013 30 námskeið á hvorri önn og alls 438 þátttakendur, þar af lögheimili í Hafnarfirði 260.

2014 27 námskeið á vorönn og 20 á haustönn og alla 263 þátttakendur, þar af lögheimili í Hafnarfirði 160.

2015 16 námskeið á vorönn og 9 á haustönn og alls 142 þátttakendur, þar af lögheimili í Hafnarfirði 85.

2016.

Heiti	Fjöldi	Greiðsla per einstakl	Heildar tekjur	Aðleypt kennsluþj
Gítar	3 námsk 3 men per námsk	35.000	315.000	210.000
Spænska	5 nem	27.400	137.000	
Enska I	5 nem	27.400	137.000	60.000
Danska I	3 nem	27.400	74.100	86.000
Qigong	2 nem	9.500	19.000	19.000
Kínverska	4 nem	27.400	109.600	
Garðyrkja	4 nem	8.500	34.000	36.500
		Samtals	825.700	

Gjaldskráin hefur tekið mið af gjaldskrá annarra fræðsluaðila með sambærilega þjónustu og með vitund og vilja fræðsluyfirvalda sveitarfélagsins í gegnum tíðina. Einnig þarf að taka mið af lögum sveitarafélaga og horfa í að ekki mega gjöld vera umfram kostnað eða standa í samkeppnisrekstri.

Rétt rúm 60% nemenda í frístundanámi eru búsettir í Hafnarfirði. Vert er að benda á að fag- og stéttarfélög taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna þátttöku sinna félagsmanna í frísatundanámskeiðum. Því vilja þau hafa námskeið sem aðgengilegust og opnust fyrir sína félagsmenn óháð t.d. búsetu sbr. Starfsmennt og VR.

Ekki er hægt að greina sérstaklega tekjur sem hafa komið af frístundarnámskeiðum þar sem á bókhaldslykilinn „skólagjöld“ eru líka bókaðar tekjur vegna nemenda á dagforeldranámskeiðum, háskólanema og nemenda á vegum VMST. Það sem hefur verið bókað á skólagjöld:

Ár	Fjárhæð
2011	29.557.983
2012	27.800.520
2013	18.410.697
2014	24.457.387
2015	21.745.200
Samtals	121.971.787

Samningur NH-MS við Rannís fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Samningur við Rannís (Rannsóknarmiðstöð Íslands) um fjármögnun íslenskukennslu felur í sér að NH-MS heldur námskeið í íslensku fyrir útlendinga, ræður kennara til starfa til að annast kennsluna, sér um námsefni og fjölföldun þess og sinnir daglegri umsjón og utanumhaldi við nemendur. Árin 2011 – 2014 sá menntamálaráðuneytið um styrkveitingar til kennslunnar en þá tók Rannís við þessu verkefni af ráðuneytinu. Líðlega 200 einstaklingar hafa sótt þessi námskeið á tímabilinu. Nokkuð jöfn skipting á milli ára eða 40 hvert ár.

Samningurinn er gerður til eins árs í senn. Bókaðar tekjur vegna þessa verkefnis:

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals úrræði
Rannís(aðkeypt kennslup.)	480.000	1.130.000	1.363.250	1.437.500	1.256.000	0	5.666.750
Rannís bókaðar tekjur	228.000	855.200	524.000	530.400	1.582.400	0	3.720.000

Tekjur koma bæði vegna samningsins og námsgjalda nemenda. Tölur hafa breyst yfir þetta tímabil og heildartekjur mun hærri en gefið er til kynna hér að ofan.

Samstarf og Þjónustusamningur við VMST

Markmið og þjónusta þessa samnings er að skapa virkni- og námsúrræði fyrir atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins sbr. 12. gr. laga nr. 55/2006. Samningurinn felur í sér að VMST kaupir eftir þörfum þjónustu frá NH-MS á sviði úrræða sem teljast til vinnumarkaðsaðgerða. Samningurinn er gerður til eins árs í senn. Greiðsla Vinnuálastofnunar v/þjónustusamnings felur í sér að NH-MS þróar námskeið og námsefni með það að leiðarljósi að skapa virkni- og námsúrræði fyrir atvinnuleitendur. Um er að ræða hvatningar- og starfsleitarnámskeið og námskeið í íslensku fyrir útlendinga. NH-MS sér ennfremur um að ráða kennara og leiðbeinendur til starfa, útvega námsefni og námsgögn eftir þörfum og annast daglegt utanumhald og umsjón varðandi rekstur námskeiðanna. VMST sér um allt er lýtur að skráningum á námskeiðin og hefur staðfest að um 700 einstaklingar hafi tekið þátt í þessum verkefnum á tímabilinu 2011 – 2015. Ekki er hægt að fá skiptingu á þátttökufjölda skipt niður á ár frá VMST. Þá má geta þess að NH-MS hefur þótt ná mjög góðum árangri í því að koma atvinnuleitendum aftur í virkni og til starfa.

Skráning á námskeið fyrir atvinnuleitendur liggur alfarið hjá VMST sem greiðir ákveðna upphæð fyrir hvert einstakt verkefni eins og sjá má í tekjubókhaldbæjarins (skólagjöld). Mest

var að gera í eftirköstum eftir hrúnið og því mörg námskeið haldin 2010-2012. Síðan þá hafa verið haldin 2 – 4 stór námskeið á önn. Einnig hafa hefur verið minni námskeið sem VMST hefur leigt aðstöðu fyrir og NH-MS hefur ekki haft umsjón og umsjólu með.

Rekstrartölur:

	2011			2012			2013		
	Raun	Áætlun	Mismunur	Raun	Áætlun	Mismunur	Raun	Áætlun	Mismunur
Tekjur	-49.083.296	-41.922.031	7.161.265	-38.988.884	-43.922.000	-4.933.116	-28.398.697	-43.922.000	-15.523.303
Launakostnaður	23.480.704	21.377.630	-2.103.074	24.633.484	23.417.000	-1.216.484	27.431.190	23.417.000	-4.014.190
Vörukaup	3.472.621	4.015.009	542.388	3.364.746	4.014.000	649.254	4.274.696	4.090.000	-184.696
Þjónustukaup	19.601.610	15.677.752	-3.923.858	19.362.817	15.597.000	-3.765.817	20.239.330	16.214.000	-4.025.330
	46.554.935	41.070.391	-5.484.544	47.361.047	43.028.000	-4.333.047	51.945.216	43.721.000	-8.224.216
Samtals án innri húsal.	-2.528.361	-851.640	1.676.721	8.372.163	-894.000	-9.266.163	23.546.519	-201.000	-23.747.519
Innri húsaleiga	24.522.240	24.522.240	0	25.748.352	25.748.000	-352	25.748.352	25.748.000	-352
Samtals með innri húsal.	21.993.879	23.670.600	1.676.721	34.120.515	24.854.000	-9.266.515	49.294.871	25.547.000	-23.747.871
	2014			2015			2011-2015		
	Raun	Áætlun	Mismunur	Raun	Áætlun	Mismunur	Raun	Áætlun	Mismunur
Tekjur	-40.462.696	-47.500.000	-7.037.304	-43.322.050	-50.000.000	-6.677.950	-200.255.623	-227.266.031	-27.010.408
Launaskostnaður	26.025.897	26.993.000	967.103	20.891.548	22.273.918	1.382.370	122.462.823	117.478.548	-4.984.275
Vörukaup	5.867.412	4.319.600	-1.547.812	2.604.806	4.059.048	1.454.242	19.584.281	20.497.657	913.376
Þjónustukaup	21.151.746	19.877.440	-1.274.306	20.297.424	22.326.160	2.028.736	100.652.927	89.692.352	-10.960.575
	53.045.055	51.190.040	-1.855.015	43.793.778	48.659.126	4.865.348	242.700.031	227.668.557	-15.031.474
Samtals án innri húsal.	12.582.359	3.690.040	-8.892.319	471.728	-1.340.874	-1.812.602	42.444.408	402.526	-42.041.882
Innri húsaleiga	25.748.352	25.748.000	-352	25.748.352	25.748.000	-352	127.515.648	127.514.240	-1.408
Samtals með innri húsal.	38.330.711	29.438.040	-8.892.671	26.220.080	24.407.126	-1.812.954	169.960.056	127.916.766	-42.043.290

Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Skólagjöld eru 50% af tekjum 2015, en voru 81,47% af tekjum 2012. Aðrar tekjur eru greiðslur vegna samninga samanber upptalning hér að ofan. Ekki er hægt að lesa út úr bókhaldi NH hvort samningar vegna HA, RANNÍS og VMST eru að borga sig. Alla vega er heildar halli vegna NH 2011-2015 kr. 169.960.056 (Kr. 42.444.408 ef innri húsaleiga er ekki tekin með). Uppsöfnuð framúrkeyrsla 2011-2015 er kr. 42.043.290 (kr. 40.041.882 ef innri húsaleiga er ekki tekin með), þar af tekjur kr. 27.010.408 . Við gerð áætlun vegna NH-MS er lagt upp með að reksturinn standi undir sér að undanskildri innri leigu. Tekjur leiðréttar til samræmis við það.

Helstu skýringar varðandi tekjulækkun 2013 miðað við 2012 og 2014 liggja í námskeiðavali, þ.e. vali á ódýrari námskeiðum, tekjuinnkomu v/dagforeldarnámskeiða og vegna breytinga á gjaldskrá fjarnema og fjölda þeirra. 2013 eru mun færri sem sækja dagforeldarnámskeið miðað t.d. við 2012 þegar tekjur að þessum lið námu um 7.1 mkr. miðað við 2.9 mkr. 2013. 2014 hækkkuðu skólagjöld og prófgjöld fjarnema tölvvert.

Það sem hefur verið bókað á aðrar tekjur hjá námsflokkunum 2011-2015 sundurliðast eftirfarandi:

	HA	Rannís v út	Sænska norska v grunnsk	Dagforeldra	Aðrar tekjur	Alls
2011	19.100.000	228.000			197.313	19.525.313
2012	8.840.000	855.200	1.446.194		46.970	11.188.364
2013	8.900.000	524.000		510.000	54.000	9.988.000
2014	12.421.400	530.400			61.000	13.012.800
2015	18.947.500	1.582.400			209.500	20.739.400
	68.208.900	3.720.000	1.446.194	510.000	568.783	74.453.877

Neðangreint sýnir stöðuna eins og hún er miðað við 30.júní 2016. Innri húsaleiga er tekin út úr tölum. Gert með fyrirvara um að búið sé að bóka allar tekjur og að dreifing á áætluðum tekjum sé rétt:

	jan-júní 2016		
	Raun	Áætlun	Mismunur
Tekjur	-16.033.430	-23.962.370	-7.928.940
Launakostnaður	9.948.897	10.670.447	721.550
Vörukaup	1.239.324	1.303.127	63.803
Þjónustukaup	6.381.718	7.301.027	919.309
	17.569.939	19.274.601	1.704.662
Samtals	1.536.509	-4.687.769	-6.224.278

Niðurlag:

Eins og fram kemur hér að ofan þá er uppsafnaður halli hjá Námsflokkunum 2011-2015 kr. 40.414.408 á verðlagi hvers árs og án innri húsaleigu. Ekki er hægt að gera skiptingu á tekjum niður á verkefni. Ástæður fyrir því eru að bókhaldstexti er ekki lýsandi fyrir innihald viðkomandi færslu og síðan eru sumar færslur samandregnar (innlegg og Visa/Euro uppgjör). Myndi fylgiskjalaskoðun því ekki eini sinni duga til að geta gert rétta tekjuskiptingu niður á verkefni eftir árum. Ekki þarf af fjölyrða neitt um það að námskeiðin/verkefni sem lýst er hér að ofan eru mjög góð og nauðsynleg. Enn það er samt spurning hvort það sé hlutverk Hafnarfjarðarbæjar að niðurgreiða þessa þjónustu. Því verða bæjaryfirvöld að svara. Þó er rétt að benda á, eins og fram kemur hér að ofan, að rekstur 2015 er nánast á sléttu.